

um var hegnt eru liðin meir en 10 ár—, hefur til unnið samkvæmt ný-nefndri lagagrein, sbr. við 58. gr. hegningarlaganna, virðist hæfilega metin 8 mánaða betrunarhússvinna. Svo á hinn ákærði og að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 krónur til hvors. Krafa um iðgjöld hefur eigi komið fram í málinu. Rekstur málsins í hjerði hefur eptir atvikum verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Nafi Brandsson, á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu; svo greiði hann og allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, landritara Jóns Jenssonar og málaflutningsmanns Guðlaugs Guðmundssonar, 10 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 37/1886

Rjettvísinn
gegn
Birni Sigurðssyni.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Þingeyjarsýslu 5. júlí f. á., var hinn ákærði, Björn bóndi Sigurðsson á Svalbarðsseli, dæmdur fyrir þjófnað á 1 sauðkind í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, til að lúka 9 kr. ið-

gjöld og málskostnað, þar með talin málflutningslaun til verjanda 5 krónur.

Þessum dómi hefur hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins.

Það er sannað í málinu með eigin játningu hins ákærða, Björns Sigurðssonar, og öðrum atvikum, að hann haustið 1885 tók hvíthyrnda á, er komið hafði saman við fje hans í búfjárhögum á Svalbarðsseli, og rak hana ásamt nokkrum kindum, er hann sjálfur átti, til Raufarhafnar, slátraði henni þar, og lagði afurðir hennar inn í reikning dóttur sinnar Guðbjargar, en tók þó sjálfur út á andvirði ærinnar. Á þessa átti ekkjan Anna Kristjánsdóttir.

Hinn ákærði hefur að vísu haldið því fram, að hann ekki hafi ætlað sjer að hagnýta sjer ána á ólöglegan hátt, heldur hafi hann ætlað að taka hana traustataki, og hafi hann haldið að hún væri eign Árna nokkurs Árnasonar, er þá var vinnumaður á Völlum. En allt annað, sem fram er komið í málinu, hrekur þennan framburð hans, enda hefur hann kannast við, að honum hafi verið kunnugt um, hver ætti mark það, sem á ánni var, og virðist það í engu geta bætt málstað hans, þótt hún væri með brennimarki A. A. S.

Þetta afbrot hins ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt afbrot, á undir 250. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning hans hæfilega metin af undirdómaranum 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo fellst og yfirdómurinn á ákvæði hjeradsdómsins um iðgjöld og málskostnað.

Ennfremur ber hinum ákærða að greiða allan af á-

frýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu laun til sóknara og svaramanns í málinu við yfirdóminn, 10 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Svo ber hinum ákærða, Birni Sigurðssyni, að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu laun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málflytningu mannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Jóns Jenssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögberting dóms þessa, og dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 14/1886

Vice-konsúll J. Havsteen

gegn

Eggert verzlunarstjóra Laxdal

D ó m u r :

Sumarið 1884 fórst hákarlaskipið »Úlfur«, er var fjelagseign áfrýjandans, Vice-konsúls J. V. Havsteen, og þriggja annara manna. Skipið, sem var virt 11544 krónur, höfðu eigendur þess þá um vorið vátryggt hjá hinu eyfirzka ábyrgðarfjelagi fyrir $\frac{3}{4}$ hlutum virðingarverðs þess, eða fyrir 8658 krónum, samkvæmt 13. gr.